

2. fundur í skólaráði

28. janúar 2021

Fundurinn haldinn í kaffistofu Gamla skóla kl. 16.15 -17.30

Mættir; Ágústa Berg fulltrúi leikskólastarfsfólks, Guðrún Ásta fulltrúi grunnskólaskennara, Guðrún Vilborg fulltrúi almenns starfsfólks, Hanna Christel fulltrúi foreldra grunnskóla og Þórunn Hrund skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Þórunn Hrund

1. Umbótaáætlun vegna ytra mats. Búið er að gera umbótaáætlun vegna ytri úttekta á skólanum og senda til hlutaðeigandi aðila. Áætlunin var samþykkt athugasemdalaust og nú þegar er hafin vinna í að betrubæta þætti sem gerðar var athugasemdir við.
2. Lausar kennslustofur. Farið yfir stöðu mála með lausu kennslustofunnar. Staðan er núna þannig að væntanlega verða þær stofur sem komnar eru á svæðið ekki nýttar nema mögulega að hluta til. Verið er að skoða aðrar lausnir, m.a. að kaupa tilbúna kennslustofur.
3. Gjaldskrár. Gjaldskrár í skólaseli og mötuneyti voru hækkaðar um 2,5% um áramót. Áætlunin er að það verði ein gjaldskrá í öllum leikskólum Múlaþings en þar sem gjaldskrá leikskóladeildar Seyðisfjarðarskóla er nokkuð lægri en hjá hinum leikskólunum mun gjaldskráin hér hækka í áföngum.
4. Stytting vinnuvikunnar. Um áramót hófst stytting vinnuvikunnar. Á leikskólanum er það þannig að starfsmenn taka 130 mínútur í styttingu á tveggja vikna fresti í rúllandi kerfi. Almennir starfsmenn í grunnskólanum taka 65 mínútur vikulega, á föstum vikudögum. Styttingin nær ekki til kennara í grunnskólum.
5. Hvað er framundan í skólastarfinu? Þurrablótið, þorrablót unglíngastígs verður haldið 4. febrúar með breyttu sniði vegna covid. Það verður haldið í salnum í Gamla skóla og engir utanaðkomandi verða viðstaddir. Öskudagur verður með hefðbundnu sniði á báðum deildum; grunnskólinn með sína skemmtun í íþróttahúsinu og kötturinn sleginn úr tunnuni í leikskólanum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.35